



Samningur um Félagsheimilið Brúarlund

1. gr.

Sveitarfélagið Rangárbæing ytra, kt. 520602 -3050, hér nefnt leigusali, og Ungmennafélagið Merkivollur, kt. 520477-1019, hér nefnt leigutaki, gera með sér samning um langtímaleigu á Félagsheimilinu Brúarlundi. Um er að ræða þá 4/5 hluta Brúarlundar sem eru í eigu leigusala en leigutaki á 1/5 hluta hússins. Hugmyndin er að færa umsjá hússins til þeirra íbúa sveitarfélagsins sem standa því næst með það að markmiði að nýting hússins verði meiri og betri og viðhald með skipulegri hætti.

2. gr.

Samningurinn þessi er gerður til 25 ára frá og með 6. apríl 2016 og er óuppsegjanlegur fyrstu 5 árin en eftir það getur hvor samningsaðila sagt samningnum upp eða óskað endurskoðunar á honum með 6 mánaða fyrirvara.

3. gr.

Leigutaki tekur við húsnæðinu í núverandi ásigkomulagi skv. sérstakri úttekt Eigna- og framkvæmdasviðs Rangárbæings ytra sem báðir aðilar eru samþykkir og fylgir með samningi þessum sem viðauki. Leigutaki tekur við rekstri hússins, greiðir hita, rafmagn og annan rekstrarkostnað auk þess að sjá um nauðsynlegt viðhald og breytingar. Leigutaki sér einnig um að halda umhverfi hússins þannig að sómi sé að. Leigusali leggur til 400 þúsund kr. á ári, árin 2016-2018, til viðhalds á m.a. þaki hússins sem er orðin aðkallandi aðgerð.

4. gr.

Leiguverð sem leigutaki greiðir er sú upphæð sem jafngildir fasteignagjöldum, tryggingum og öðrum lögboðnum gjöldum af húsinu. Fyrstu þrjú ár samningstímans greiðir Rangárbæing ytra fasteignagjöld af húsinu. Um annað leigugjald er ekki að ræða en leigusali hefur þó greiðan aðgang að húsinu fyrir fundi og þ.h. á vegum sveitarfélagsins.

5. gr.

Leigutaki skuldbindur sig til að greiða fyrir því að félagssamtök í sveitarfélaginu fái aðgang að húsnæðinu til félagsstarfs, æfinga og fundahalda.

6. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Hellu, 6. apríl 2016

f.h. Umf. Merkivols

Anna B. Stefánsdóttir

f.h. Rangárbæings ytra

Ágúst Sigurðsson

Vottar:
061250 21 2/1

090363-1769